

## Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um þýðingu Lissabon-sáttmálans.

*1. Hvenær verður þýðingu Lissabon-sáttmálans lokið?*

Þýðing er hafin á sáttmálum Evrópusambandsins í heild sinni eins og þeir standa eftir gildistöku Lissabon-sáttmálans. Áætlað er að þýðingu þeirra verði lokið í lok febrúar 2011.

*2. Hvernig verður sáttmálinn kynntur að þýðingu lokinni, er t.d. fyrirhugað að gefa hann út í bæklingi og dreifa honum á öll heimili landsins til kynningar?*

Engin ákvörðun hefur verið tekin að svo stöddu um sérstaka kynningu sáttmálans eða sáttmála Evrópusambandsins umfram þá almennu kynningu á sambandinu sem mun eiga sér stað á næstu missirum og árum.

*3. Fær íslenska ríkið styrk frá Evrópusambandinu til þýðingar sáttmálans eða standa Íslendingar einir straum af henni?*

Kostnaður við þýðinguna greiðist af almennri fjárveitingu til Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins.